

Ed.

65. Frumvarp til laga

[58. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Skuldabréfin og spariskirteinin, svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 70 1962, svo og undanþegin erfðafjárskatti, sbr. lög nr. 30 1921.

4. gr.

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskirteina skv. 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt í samráði við fjárveitinganefnd að verja til framkvæmda á vegum ríkisins og til greiðslu á skuldum ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóðs.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskirteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því, sem á þarf að halda, vegna innlausnar á þeim er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr. að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur um mörg undanfarin ár aflað fjár til ýmissa framkvæmda ríkisins og ríkisstofnana með lántökum. Verulegur hluti þessarar fjáröflunar, einkum til stórfamkvæmda, hefur farið fram með erlendum lántökum. Að öðru leyti hefur fjárins verið aflað hér innanlands með samningum við lánsstofnanir. Þannig hefur ríkisstjórnin s. l. tvö ár gert heildarsamninga við viðskiptabankana og stærstu sparissjóðina um þátttöku þeirra í fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar. Aftur á móti hefur fjáröflun með útgáfu ríkisskuldabréfa ekki verið reynd svo heitið geti hér á landi um margra ára skeið. Ástæðurnar eru að sjálfsögðu þær, að eðlilegur verðbréfamarkaður hefur lagzt niður að mestu síðustu tvo áratugina vegna þrálátrar verðbólguþróunar.

Tilgangur þessa frumvarps er sá, að veita ríkisstjórninni heimild til þess að hefja að nýju útgáfu ríkisskuldabréfa eða spariskirteina, en flestir munu sammála um það, að það sé eðlilegasta leið ríkisins til fjáröflunar til framkvæmda. Með verðbréfasölu yrði tryggt, að hluti heildarsparnaðar almennings gengi beint til opinberra framkvæmda. Er það miklu heilbrigðari háttur en að ríkissjóður taki lán hjá lánsstofnunum, sem aftur fá sparifé frá almenningi. Skipuleg verðbréfasala gæti einnig orðið til þess að draga úr þörfinni fyrir erlent lánsfé til opinberra framkvæmda.

Til þess að gera þessi nýju skuldabréf ríkisins seljanlegri er ráðgert, að þau verði verðtryggð þannig, að vextir og afborganir af þeim verði bundin visitölu. Slík bréfaútgáfa mundi því jafnframt gefa almenningi kost á nýju sparnaðarformi, sem yrði tryggt gegn verðhækkunaráhættu. Ekki er nánar kveðið á um kjör þessara bréfa að öðru leyti í frumvarpinu, enda verður að ákveða þau með tilliti til allra aðstæðna, þegar útboð fer fram. Er mikilvægt að fá úr því skorið, hvort líklegt sé, að útgáfa verðtryggðra bréfa geti orðið mikilvægur þáttur í sparifjármyndun þjóðarinnar í framtíðinni og þannig orðið grundvöllur heilbrigðrar fjáröflunar til framkvæmda.

Lagt er til skv. 4. gr. frv., að ríkisstjórnin hafi samráð við fjárveitinganefnd um ráðstöfun þess fjár, sem aflað verður með þessu móti, en sá háttur hefur verið hafður á áður, þegar um almenna lánsfjáröflun ríkissjóðs hefur verið að ræða.

Þar sem hér er um það að ræða að brjóta nýjar brautir í lánsfjáröflun, má búast við því, að fyrstu verðbréfin, sem gefin verði út, þurfi að vera með hagkvæmum kjörum og ekki til mjög langs tíma. Í fimmtu grein frumvarpsins eru því ákvæði, er heimila ráðherra að gefa út ný bréf í stað þeirra, sem út verða dregin eða endurgreidd. Með því yrði lánsfjáröflunin til lengri tíma frá sjónarmiði ríkissjóðs.

Samkvæmt frumvarpinu er einnig lagt til, að þessi ríkisskuldabréf verði skattfrjáls á sama hátt og sparifé, en það verður að teljast óhjákvæmileg ráðstöfun, ef þau eiga að seljast að nokkru verulegu ráði til almennings. Einnig hefur það nýmæli verið tekið upp í frumvarpið, að bréfin verði einnig undanþegin erfðafjárskatti.